ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2941
komudagur 23.5.2008

Alþingi
Nefndarsvið
150

Reykjavík, 23. maí 2008
Tilvísun: 200805-0019

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, 464 mál.**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, 464 mál.

Umsagnarbeiðni var send frá Alþingi til ASÍ með tölvupósti miðvikudaginn 20. maí kl. 18:01 og frestur gefinn til að veita umsögn til föstudagsins 23. maí.

Alþýðusamband Íslands leggur á það áherslu að vandað sé til verka við lagafrumvörp og eðlilegur tími sé gefinn til umfjöllunar um þau, bæði innan þings sem utan. ASÍ vill því beina því til Alþingis að frumvörp séu send til umsagnar með lengri fyrirvara en tveimur sólarhringum.

Í ljósi þess að um mikilvæga löggjöf er að ræða er fresturinn til að veita umsögn of knappur. Á þeim skamma tíma sem gefinn var, er ekki unnt að taka málið fyrir í þeirri málefnanefnd miðstjórnar ASÍ sem fjallar um velferðarmál. ASÍ óskar því eftir að fá frest til að veita umsögn til miðvikudagsins 28. maí.

F.h. Alþýðusambands íslands

Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ

Sætún 1
105 Reykjavík

Sími: 535 5600
Fax: 535 5601

Netfang: asi@asi.is
ASÍ vefurinn: www.asi.is

Kennitala: 420169-6209